

Reglur um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa

1. gr.

Hárgreiðslu- og rakarastofum er gert að hafa uppi við inngöngudyr skýrar verðskrár með verði á algengustu þjónustu sem í boði er. Einnig skulu stofurnar hafa uppi verðskrár við greiðslukassa eða á öðrum áberandi stað með verði á allri þeirri þjónustu sem þær veita.

2. gr.

Uppgefið verð á þjónustu í verðskrár skal innifela efni og annað sem er notað hverju sinni. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við verðið þarf að taka það sérstaklega fram.

3. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 13/1984, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 23. september 1994

SAMKEPPNISSTOFNUN